



Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Borgarbyggð
Sigurður Páll Harðarson,
forstöðumaður framkvæmdasviðs
Borgarbraut 11
310 Borgarnes

Suðurlandsbraut 24
IS-108 Reykjavík, Iceland

① (+354) 591 2000
Fax (+354) 591 2010
umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 21. febrúar 2007
Tilvísun: UST20070100200/sf

Deiliskipulag fristundabyggðar í landi Brekku í Borgarbyggð, Þrengsli

Vísað er til bréfs Málfriðar Kristjánsdóttur, arkitekts, dags. 19. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um deiliskipulag fristundabyggðar í landi Brekku í Borgarbyggð og að umsögnin verði send sveitarfélagini Borgarbyggð.

Framkvæmdalýsing

Samkvæmt deiliskipulaginu er gert ráð fyrir 2 lóðum fyrir fristundahús innan skipulagssvæðisins. Á annarri lóðinni er nú 42 m^2 fristundahús ásamt 29 m^2 smáhýsi. Samkvæmt skipulagsskilmálum er leyfilegt að stækka eða endurnýja húsin þannig að samanlagður gólfþlótur á lóðinni verði mest 180 m^2 . Hámarksstærð húss á lóð nr. 2 er 150 m^2 . Skipulagssvæðið er alls um 2 ha og er kjarri vaxiðhraun, grasbalar og árbakki.

Náttúruverndarsvæði og sérstök vernd

Deiliskipulagssvæðið er innan svæðis sem er á náttúruminjaskrá (svæði nr. 210) en skv. 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd er skyld að leita umsagnar Umhverfisstofnunar um framkvæmdir þar sem hætta er á að spilt verði náttúruminjum á náttúruminjaskrá. Í skránni er svæðinu lýst á eftirfarandi hátt:

Grábrókarhraun og Hreðavatn. Borgarbyggð (áður Norðurárdalshr. og Stafholstungnahr.), Mýrasýslu. (1) Grábrókarhraun norðan hreppamarka allt austur að Bjarnardalsá og Norðurá, ásamt Hraunsey og fossinum Glanna. Hreðavatn allt og suðurhlíðar Setmúla milli Kiðár og Brekkuár. (2) Fjölbreytt og fagurt umhverfi, fjölsótt útvistarvæði. Setlög með steingerðum plöntum frá tertier í Brekkuárgili, Hestabrekku og Þrimilsdal.

Grábrókarhraun er auk þess jarðmyndun (eldhraun) sem njóta skal sérstakrar verndar og forðast skal að raska eins og kostur er, sbr. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Fristundabyggðin er jafnframt innan svæðis sem Umhverfisstofnun hefur lagt til að verði friðlyst, sbr. skýrslu stofnunarinnar Náttúruverndaráætlun 2004-2008 – Aðferðafræði. Tillögu Umhverfisstofnunar um friðlysingar. Um er að ræða yfir 3.000 ha svæði við

Hreðavatn og sunnan þess en innan svæðisins er náttúrvættið Grábrókargígar. Forsendur fyrir verndun svæðisins eru: „*Náttúrlegur birkiskógur og kjarr, sjaldgæfar plöntutegundir, fjölsótt útivistarsvæði.*“

Hverfisvernd

Í staðfestu svæðisskipulagi Mýrasýslu 1998-2010 er svæðið frá Hreðavatni að Munaðarnesi skilgreint sem hverfisverndarsvæði, sbr. kafla 3.1.3 og 3.8.2 í svæðisskipulaginu.

Í kafla 3.1.3 segir m.a.: „*Fjórði flokkurinn er birkiskógur og kjarr, sem nýtur verndar með skilyrðum, grænn á landnotkunarupprætti. Á svæðinu frá Munaðarnesi að Bifröst er hverfisvernd og þar er gert ráð fyrir að birkiskóginu njóti verndar. Annars staðar er gert ráð fyrir að t.d. fristundabyggðir geti samræmst kjarr- og skoglendi, sbr. kafla 3.1.4. en aðgát skal höfð við val trjátegunda og forðast allt óþarfa rask gróðurs.*“

Í kafla 3.8.2 segir m.a.: „*Svæðið frá Hreðavatni að Munaðarnesi er þegar afgirt og verndað fyrir þeim. Í svæðisskipulaginu er það skilgreint sem hverfisverndarsvæði. Gert er ráð fyrir ákveðinni uppbyggingu fristundahúsa, en svæðið verði annars verndað í sem óbreyttastri mynd.*“

Gróður

Samkvæmt 39. gr. laga um náttúruvernd skal Umhverfisstofnun ásamt Skógrækt ríkisins vinna að verndun og eftirliti með náttúrulegum birkiskóum og skóum til útivistar. Ekki skal að óþörfu eyða eða spilla gróðri með mosa-, lyng- eða hrísrifi eða á annan hátt.

Í stefnumörkun íslenskra stjórnvalda til sjálfbærrar þróunar til ársins 2020 (*Velferð til framtíðar: Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi*) eru skilgreind markmið á sviði sjálfbærrar þróunar og leiðir að þeim markmiðum. Eitt þessara markmiða er að forðast verði eins og kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur lykilvistkerfi Íslands. Í umfjöllun um leiðir að markmiðum segir m.a.:

„*Áhersla verði lögð á að vernda þær vistgerðir sem hefur verið raskað hvað mest á grunni vinnu við að skilgreina og kortleggja vistgerðir á Íslandi. Forgangsmál í því sambandi eru m.a. votlendi og birkiskógar.*“

Samkvæmt stefnumörkuninni skal það vera almenn regla þar sem mikilvægum vistkerfum er raskað með framkvæmdum að framkvæmdaraðili reyni að endurheimta sambærileg landsvæði. Að framansögðu er það álit Umhverfisstofnunar að skipuleggja eigi svæði fyrir fristundahús utan eða í jaðri náttúrulegra birkiskóga og kjarri vaxinna svæða, en ekki innan þeirra.

Niðurstaða

Það svæði sem fyrirhugað er að taka undir fristundabyggð er innan svæðis sem er á náttúrumínjaskrá og er skilgreint sem hverfisverndarsvæði í staðfestu svæðisskipulagi Mýrasýslu 1998-2010. Svæðið er kjarri vaxið að hluta og innan þess er jafnframt hraun sem nýtur sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Svæðið hefur útivistargildi enda um að ræða tiltölulega ósnortið svæði í nálægð við Norðurá og í töluverðri fjarlægð frá þjóðvegi. Umhverfisstofnun telur að svæðið hafi mikið verndargildi og að vernda eigi ána, land meðfram ánni ásamt birkikjarri og hrauninu sem eina landslagsheild.


Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við að núverandi fristundahús verði stækkað eða endurnýjað svo fremi að þær framkvæmdir hafi ekki í för með sér rask á hrauni eða birkikjarri. Í því sambandi bendir stofnunin á að álitlegast væri að stækka fristundahús

UST

til suðurs inn á grasi vaxið svæði. Stofnunin telur að frístundahús á lóð nr. 2 eigi að staðsetja þannig að það raski ekki hraunkantinum eða birkikjarri en þó þannig að það sé í a.m.k. 50 m fjarlægð frá Norðurá.

Virðingarfyllst


Helgi Þessson
forstöðumaður


Sigurrós Friðriksdóttir
tagstjóri

Afrit: Skipulagsstofnun.
Málfríður Kristjánsdóttir, arkitekt, Hátúni 41, 105 Rvk.